

Fundur í 4. svæðisráði Vatnajökulshjóðgarðs haldinn á Kirkjubæjarklaustri 19. apríl 2008.

Mætt: Elín Heidi Valsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Kári Kristjánsson, Leifur Þorsteinsson, Eydís Þ. Indriðadóttir sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Þorvarður Árnason og Þóra Ellen Þórhallsdóttir

1. **Upprifjun** - fundargerð síðasta fundar og störf stjórnar frá síðasta fundi svæðisráðs. Þórður Ólafsson hefur verið ráðinn framkvæmdarstjóri og Ólöf Ýrr Atladóttir hefur tekið við hlutverki varaformanns stjórnar þjóðgarðsins. Drög að reglugerð liggja nú fyrir fundinum og hafa þau verið yfirfarin af lögfræðingi umhverfissráðuneytis, verið er að móta hugmyndir um gerð verndaráætlana.
2. **Samstarf við Háskólaþrið á Höfn um vinnu við gerð verndaráætlunar á Vestursvæði;** Þorvarður Árnason, umhverfisfræðingur, forstöðumaður Háskólaþetursins á Höfn sagði frá hugmyndum verkefnisins “NEST” um sjálfbæra nýtingu þjóðgarða á heimasvæðum þar sem grundvallarsýnin er sú að ferðaþjónustuaðilar á svæðunum geti nýtt náttúruna til uppbyggingar á starfsemi sinni án þess að rýra gildi hennar á nokkurn hátt. Rannsókn er í gangi um áhrif og viðhorf til verkefnisins og þeirra breytinga sem það hefur valdið í samfélaginu. Fram kemur að íbúar binda miklar vonir við þjóðgarðsstofnun. Nýtt verkefni er komið í gang “NEED” felst í því að byggja upp umhverfismennt og fræðslu á nærsvæðum þjóðgarðsins og nær til allra rekstrarsvæðanna. Unnin verða gögn inni landupplýsingakerfi sem sýna náttúrufar og nýtingaþætti og útfrá því metin hætta sem skapast af skörun þessarar þátta. Við gerð verndaráætlana er mikil áhersla er lögð á samráð allra hagsmunaaðila á öllum stigum. Markmiðið er að þjóðgarðurinn komist á heimsminjaskrá. Hugsanlegt er að Háskólaþrið á Höfn leiði vinnu við verndaráætlanir allra svæðanna. Reiknað er með að ráðinn verði einn starfskraftur á Höfn vegna þessarar vinnu og starfsmaður í hlutastarf á Kirkjubæjarklaustur í samstarfi við Kirkjubæjarstofu. Drög að samningi Suðursvæðisins við Háskólaþrið yfirfarin. Rætt um að gera sambærileg drög fyrir Vestursvæðið og láta ganga á milli nefndarmanna á tölvutæku formi.
3. **Verndarflokkar IUCN, verndaráætlanagerð** – Þóra Ellen Þórhallsdóttir fór yfir skilgreiningar verndarflokka IUCN sem taka tillit til náttúruverndar, válista tegunda, verndarviðmiða og sjálfbærrar þróunar. Vatnajökulssvæðið verður fyrsta svæðið á Íslandi sem verður friðlýst samkvæmt þessum flokkum.
4. **Hádegishlé.**
5. **Kynningarmál, staðsetningar upplýsingarskilta á Vestursvæði** Merkja þarf með grunnupplýsingum strax, en gert er ráð fyrir að vinna landvarða n.k. sumar fari í að kortleggja umferð á hverju svæði til að auðvelda vinnu við frágang upplýsingaskilta. Lögð er áhersla á að fram fari samráð við vegagerð varðandi uppsetningu skiltanna. Kári Kristjánsson hefur gert uppkast af hugmyndum um staðsetningu á fyrstu upplýsingaskiltunum Gerð er tillaga að

skiltum á eftirfarandi stöðum, sem merkt verði þjóðgarðinum: *Laki*, vegamót við Hunkubakka, *Langisjór*, við vegamót að Langasjó, *Jökulheimar*, við vegamót norðan Veiðivatna, *Vonarskarð*, við vegamót norðan Hágöngulóns, *Jökuldalur* við gönguleið, *Tómasarhagi*. Gert er ráð fyrir útgáfu á litlum bæklingi (A4 í þrúbroti) sem sýnir kort af þjóðgarðinum í heild og helstu upplýsingar, ásamt svipuðum sérþæklingi fyrir hvern fjórðung.

6. **Framkvæmdaáætlun, Blágil staða.** Lögð fram tillaga að grunnmynd og útlitsteikningu að rúmlega 50 fermetra aðstöðuhúsi landvarðar í Blágiljum. Deiliskipulagsvinna svæðisins er í vinnslu. Einnig er í vinnslu samningur milli Skaftárhrepps og Vatnajökulsþjóðgarðs um nýtingu á annarri aðstöðu í Blágiljum.
7. **Staða samningamála við landeigendur umhverfis jökul - Staða á samningum varðandi Langasjó.** Ganga þarf frá samningum við landeigendur áður en til stofnunar þjóðgarðs kemur. Umhverfisráðherra hefur óskað formlega eftir því við Skaftárhrepp að Langasjávarsvæðið verði inni. Skaftárhreppur er með málið til umfjöllunar og stefnir að fundi með hagsmunaaðilum áður en svar verður gefið. Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi umhverfissamtaka skorar á Sveitarstjórn Skaftárhrepps að taka þetta svæði inn á fyrstu stigum.
8. **Kynningafundir** – Gert er ráð fyrir kynningarfundum á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs og hollvinasamtakanna á öllum svæðunum 4. Fundur á Vestursvæði er áætlaður 13. maí.
9. **Stofnun þjóðgarðsins – hátíðarhöld á Vestursvæði** Gert er ráð fyrir formlegri stofnun þjóðgarðsins . Því er beint til ferðaþjónustuaðila gera daginn eftirminnilegan á einhvern hátt. Gert er ráð fyrir formlegri athöfn á Kirkjubæjarklaustri í tilefni opunarinnar.
10. **Reglugerð fyrir Vatnajökulsþjóðgarð.** - Farið yfir drög að reglugerð. Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar á fundinum: Fyrirvari er settur við 3. grein þar til endanleg mörk liggja fyrir. Einnig er bent á að æskilegt sé að mörk svæðisins taki mið af landslagsheildum. Gerð er athugasemd við 10. grein þar sem bent er á að gæludýr þurfi alltaf að vera í vörslu eigenda þannig fari orðin “utan jökla” út úr greininni. Athugasemd við 15. grein á eftir setningunni “Akstur vélknúinna ökutækja er einungis heimil á vegum í *þjóðgarðinum* í samræmi við merkingar... Í 16. grein falli niður”eða lang líklegast er að svo verði.” Varðandi 17. er lagt til að fyrirtæki sem vinna innan þjóðgarðsins hafi markað sér umhverfisstefnu. Ítrekað er að reglugerðin getur ekki tekið gildi fyrr en kort í viðauka I, II og III eru tilbúin og samþykkt. Gefinn er frestur fyrir fulltrúa svæðisstjórnar til þess að skila frekari athugasemdum til n.k. miðvikudags
11. “Hagsmunaaðilar” þjóðgarðsins á vestursvæði. –
 - Ferðamálasamtök Suðurlands
 - Frjáls félagasamtök

- Samtök útivistarféлага
- Sveitarfélög – Skaftárhreppur, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Þingeyjarsveit.

Óskað er eftir því við stjórn Vatnajökulshjóðgarðs, að reglugerðin verði send á alla þessa aðila til kynningar.

Önnur mál:

- Dreift og kynnt ritið Ferðamennska við Laka sem gefið er út að Háskólasetrinu á Hornafirði.
- Stofnaður hefur verið klasi til þess að efla ferðaþjónustu í Skaftárhreppi. Sótt var um styrk til Vaxtarsamnings Suðurlands og ráðinn hefur verið ráðgjafi. Vangaveltur eru um hvort þjóðgarðurinn eigi að eiga fulltrúa í klasanum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 16.15